



Hafnarfjörður

Aðgerðaáætlun Hafnarfjarðar

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2023-2025



unicef 
fyrir öll börn

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
þann 26.02.2025

HAFNARFJÖRÐUR

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	5
Orðskýringar	3
Barnvæn sveitarfélög.....	5
Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga	5
Greinargerð vegna stöðumats	8
Stefnur Hafnarfjarðarbæjar	9
Farsældarlögin og Brúin.....	9
Ungmennaráð Hafnarfjarðar	10
Spurningalistakannanir UNICEF	10
Spurningalistakönnun meðal starfsmanna.....	10
Þekking barna á ungmennaráði, nemendaráði og skólaráði	19
Sérfræðihópar barna UNICEF.....	22
Aðgerðaáætlun Hafnarfjarðarbæjar (haust 2023 - haust 2025).....	24
1.Fræðsla - Tryggja réttindafræðslu fyrir börn og ungmenni	25
2. Fræðsla- Tryggja réttindafræðslu fyrir starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar	26
3.Kynning um innleiðingu á barnvænu sveitafélagi fyrir íbúa Hafnarfjarðar	27
4. Kyn- og kynjafræðsla í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar	28
5.Leiðarvísir vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu.....	29
6. Barnasáttmálinn verði hluti stefnumótandi skjólum Hafnarfjarðar	30
7.Barnahnappur	31
8. Tórstundavefur kynningarátak fyrir jaðarhópa.....	32
9.Barnvænt hagsmunamat	33
10.Samráð við ungmennaráð við fjárhagsáætlanir er varðar málefni barna	34
11. Barnvæn síða á heimasíðu Hafnarfjarðar – upplýsingar fyrir börn og ungmenni .	35
12. Þátttaka barna - Skólaping í grunnskólum Hafnarfjarðar	36
13.Samstarf við RannUng - Innleiðing barnasáttmálans í leik- og grunnskóla og frístundaheimili	37
14. Bæta lýsingu og snjómokstur á göngustígum í skólahverfum	39
15. Auka sýnileika Ungmennaráðs - Raddir ungmenna - ungmennaping	40

16. Efla nemendafélög í tómstundamiðstöðvum.....	41
17. Leitað sé til barna þegar hanna á nýja leikvelli.	42
18. Opni leikskólinn - Memmm Play.....	43
19. Réttindafræðsla á bóksafni Hafnarfjarðar.....	44
Samantekt	46
Fylgiskjöl.....	47

Orðskýringar

<i>Aðgerðaráætlun</i>	Aðgerðaráætlun fjallar um verkefni og verkþætti sem vinna skal að til þess að ná tilteknum markmiðum. Þar er skilgreint hver ber ábyrgð á tiltekinni aðgerð og hver hefur umsjón með framkvæmd.
<i>Aðgerð</i>	Aðgerð er leið að markmiði.
<i>Innleiðingarferli</i>	Skipulag um framkvæmd og innleiðingu stefnu.
<i>Kortlagning</i>	Grundvöllur aðgerðaráætlunar verkefnisins og býr til ramma sem stuðst er við í innleiðingarferlinu.
<i>Markmið</i>	Markmið eru sett fram í samfelldu máli, ýmist huglæg eða hlutlæg.
<i>Samráð</i>	Hagsmunaaðilar sem málið varðar, innan og utan stjórnkerfisins. Þátttaka þeirra stuðlar að betri samstöðu og eykur líkur á að markmið náist.
<i>Stýrihópur</i>	Stýrir vinnunni sem bakhjarl og verkefnishópur. Skipaður fulltrúum frá sem flestum sviðum sem koma að málefnum barna ásamt pólitískum fulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði. Allar ákvarðanir sem snúa að framkvæmd verkefnisins eru teknar á fundum af stýrihópnum. Forgangsraðar helstu markmiðum aðgerðaráætlunar verkefnisins. Skilar skýrslu til UNICEF, þar sem farið verður yfir ferli innleiðingarinnar og hvernig framkvæmd miðar.
<i>Stöðumat</i>	Aflað er víðtækra upplýsinga um viðfangsefnið og umhverfi þess. Komist er að samkomulagi eða sameiginlegri sýn náð á hver staðan raunverulega er.
<i>Tímarammi</i>	Aðgerðir ber að framkvæma innan tilsetts tímaramma. Sumar aðgerðir eru ávallt í framkvæmd.
<i>Ungmennaráð</i>	Fulltrúar ungmennaráðs Hafnarfjarðar eiga sæti í stýrihópnum. Helsta hlutverk ungmennaráðs er að koma skoðunum sínum, er varða sveitarfélagið, á framfæri og að vera vettvangur ungmenna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.
<i>Umsjón</i>	Umsjónar- og framkvæmdaraðilar aðgerða, ber ekki endanlega ábyrgð.
<i>Verkefnastjóri</i>	Sá sem leiðir stýrihópinn áfram að lokaafurð. Verkefnisstjórinn samhæfir starf stýrihópsins, er tengiliður við umboðsaðila og ber ábyrgð gagnvart honum/henni. Verkefnisstjóri hefur yfirsýn yfir

verkefnið. Verkefnisstjóri útdeilir verkefnum og viðfangsefnum sem þarf að inna af hendi, miðlar upplýsingum, skipuleggur, kynnir afurðir o.fl.

Pátttakendur

Pátttaka þeirra sem stuðla að betri samstöðu og eykur líkur á að áætlunin komist til framkvæmda. Hagsmunaaðilar sem málið varðar geta verið margir, innan og utan stjórnkerfisins.


Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög ¹ er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá því árið 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá því árið 2016.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku barna en saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga

Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.



1. Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2. Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnaþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

¹ [Barnvæn sveitarfélög](#)

3. Fræðsla

Stöðumatíð gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4. Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5. Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitastjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

6. Skýrsla

Bæði umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráð skila skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðalega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7. Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. UNICEF framkvæmir úttektina og ef UNICEF metur sem svo að verkefnið hafi verið réttinum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og ef aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa veirð framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8. Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

Greinargerð vegna stöðumats

Árið 2019 skrifaði Hafnarfjarðarbær undir samstarfssamning við UNICEF á Íslandi. Með samningnum hóf sveitarfélagið þá vegferð að hljóta viðurkenningu UNICEF á Íslandi sem barnvænt sveitarfélag.

Með samstarfssamningnum hefur sveitarfélagið skuldbundið sig til að þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Þannig eiga forsendur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ganga sem rauður þráður í gegnum alla þjónustu og starfsemi innan sveitarfélagsins.

Á heildina litið hefur innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Hafnarfjarðarbæ gengið vel þrátt fyrir þær áskoranir sem komið hafa upp.

Vel gekk að virkja einstaklinga og stofnanir til þátttöku í innleiðingunni en heimsfaraldurinn Covid-19 hafði viðtæk áhrif á verkefnið þar sem ýmsum aðgerðum seinkaði vegna aðstæðna. Þrátt fyrir margar áskoranir hefur mikil vinna verið lögð í stöðumatið, skref númer tvö, sem felur í sér umfangsmikla gagnöflun og kortlagning um stöðu og velferð barna innan sveitarfélagsins.



Stöðumat

Vinna að stöðumati hófst haustið 2020 þegar stýrihópurinn fyllti út leiðbeinandi spurningalista. Spurningalistakönnun var lögð fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar vorið 2021. Ungmennaping var haldið haustið 2022 fyrir börn í 8.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar. Viðtöl við sérfræðihópa barna tekin voru viðtöl við sex hópa, viðtölin hófust í nóvember 2023 og lauk í febrúar 2024. Stöðumati var skilað inn til Unicef í mars 2024 og stýrihópur hóf vinnu í aðgerðaáætlun þar sem unnið var úr gögnum stöðumatsins.

Stefnur Hafnarfjarðarbæjar

Í Hafnarfirði er lögð áhersla á vellíðan íbúa og að skapa núverandi og komandi kynslóðum tækifæri til góðs og innihaldsríks lífs. Fólkið er í fyrsta sæti í Hafnarfirði, hvar sem það er á lífsleiðinni og hefur Hafnarfjörður markað sér stefnur, tengdar börnum, í ýmsum málaflokkum. Eitt meginmarkið [Heildarstefnu Hafnarfjarðar til ársins 2035](#) er að skilgreina Hafnarfjörð sem barnvænt sveitarfélag þar sem viðmið Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru notuð í þjónustu við börn og ungmenni. Í Menntastefnu Hafnarfjarðar var horft til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna við val á aðgerðum.

Farsældarlögin og Brúin

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tóku gildi á Íslandi þann 1. janúar 2022. Samþætt þjónusta er skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það markmið að stuðla að farsæld barna og boða lögin breytingar í þjónustu við börn og fjölskyldur. Lögin tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengst, einkum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og varða öll börn og ungmenni frá 0-18 ára aldurs.

Hafnarfjarðarbær hefur starfað eftir verklagi sem hefur hlotið nafnið [Brúin](#) og er í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021). Áhersla er lögð á samþætta þjónustu á þremur þjónustustigum við börn og fjölskyldur með aðkomu brúarteyma leik- og grunnskólanna. Í brúarteymum sitja fagaðilar á vegum sveitarfélagsins þar sem leitast er við að finna sameiginlegar lausnir barni og foreldrum til stuðnings. Ef grunur er um óviðundandi aðstæður, ofbeldi eða áhættuhegðun, er málið tilkynnt strax til barnaverndar Hafnarfjarðar.

Ungmennaráð Hafnarfjarðar

Ungmennaráð Hafnarfjarðar er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 13-18 ára til að koma skoðunum sínum til réttra aðila innan stjórnsýslu bæjarins. Markmið þess að skapa vettvang og leiðir fyrir þá sem eru yngri en 18 ára til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.

Ungmennaráð Hafnarfjarðar spilar stórt hlutverk í innleiðingu barnvæns sveitarfélags og sitja fjórir fulltrúar þess í stýrihóp barnvæns sveitarfélags. Þátttaka ungs fólks er þá mikilvæg til þess að bæta þjónustu og aðstæður þeirra og á það fyrst og fremst við um málefni sem viðkemur ungu fólki á einn eða annan hátt og þau þekkja af eigin reynslu. Þar má nefna skólastarf, tómstundarstarf og skipulag nánasta umhverfis.

Eftir að stýrihópur var myndaður var unnið að því að fylla út leiðbeinandi spurningarlista og vel gekk að fylla þá út. Fyrsti listinn af fimm var fylltur út á fyrsta fundi stýrihópsins haustið 2020. Að því loknu var stýrihópnum skipt upp í fjóra minni hópa og átti hver hópur að fylla út einn lista. Innan hvers hóps var einn aðili tilnefndur sem ábyrgðaraðili og sá hann um að boða fund og halda utan um spurningalistann. Í hverjum hópi var fulltrúi ungmennaráðs, kjörinn fulltrúi og reynt var að hafa starfsmann með sérþekkingu í hverjum hópi.

Helstu niðurstöður leiðbeinandi spurningalistanna sýna að það er margt sem sveitarfélagið er að gera einstaklega vel. Hafnarfjarðarbær starfar eftir verklagi sem hefur hlotið nafnið [Brúin](#) og er í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021). Öll börn undir 18 ára aldri og fjölskyldur þeirra hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu [farsældar barna](#). Hafnarfjarðarbær býður upp á ýmis [úrræði](#) til að styðja við börn og fjölskyldur þeirra. Frítt er í sund fyrir börn til 18 ára aldurs ásamt því að börn í 1.-4. bekk fá frítt í frístundarbíl. Morgunverður er í boði í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar án aukagjalds.

Frístundarstyrkur er til 18 ára aldurs og [forvarnarnám gegn sjálfsskaða og sjálfsvígum](#), í samstarfi við Píetasamtökin, er fyrir nemendur í 8. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þá er margskonar forvarnastarf og fræðsla fyrir nemendur grunnskólanna og hefur meðal annars verið gerður nýr og stærri samningur við [Samtökin '78](#).

Mikið er um lýðræði í tómstundamiðstöðvum og virkilega öflugt starf er á bókasafni Hafnarfjarðar þar sem mikið úrval er af bókum fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Þá er aðgengi að þýddum upplýsingum á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Niðurstöður leiðbeinandi spurningalistanna gefa til kynna að það séu ýmis atriði sem megi bæta. Það sem talið var að þyrfti strax að bæta varðaði stefnumótandi skjöl

sveitarfélagsins þar sem ekki var vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú vinna varð að raunveruleika með nýrri heildarstefnu Hafnarfjarðarbæjar sem gildir frá árinu 2022 til ársins 2035.

Í leiðbeinandi spurningalistum UNICEF var spurt út í markvissa réttindafræðslu innan sveitarfélagsins. Þar sem fræðsla er hluti af innleiðingaferli verkefnisins barnvænt sveitarfélag var ákveðið að hefja fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla ásamt starfsmönnum á skrifstofu Hafnarfjarðarbæjar haustið 2022. Sú fræðsla hefur gengið vel en er það í höndum hvers skóla fyrir sig að útfæra réttindafræðslu fyrir börnin. Ungmennaráð er þó hér undanskilið og fékk réttindafræðslu haustið 2022. Lagt er upp með að ungmennaráð fái fræðslu um réttindi sín á hverju skólaári.

Í leiðbeinandi spurningalistana kom einnig fram að leita þyrfti meira til barna og að betur mætti miðla upplýsingum til barna og annarra íbúa um hvernig skuli bregðast við þar sem brotið er á réttindum barna. Einnig kom fram að auka megi sérstaka þjálfun hjá starfsfólki Hafnarfjarðar í að greina og bregðast við ýmsum vandamálum t.d. vanrækslu, ofbeldi eða annarri illri meðferð barna.

Tafla 1. Samantekt á niðurstöðum stýrihópsins við gátlistunum 5.

Þekking á réttindum barna	Það sem barninu er fyrir bestu	Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna	Þátttaka barna	Barnvæn nálgun
*Endurskoða þarf stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum og réttindum barna *Taka þarf markvisst mið af réttindum bara við ákvarðanir innan sveitarfélagsins og í verklagi starfsfólks. *Réttindafræðsla verði aðgengileg fyrir alla, börn sem og fullorðna, sé regluleg, markvisst og samfelld. *Réttindafræðsla verði hluti af nýliðafræðslu starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar. *Réttindafræðsla verði markvisst fyrir ungmennaráð og nemendafélög. *Unnið verði að því að auka þekkingu íbúa á réttindum barna. *Skoða þarf hvort réttindafræðsla geti orðið hluti af menntastefnu Hafnarfjarðar og/eða skólanámskrá. *Meta þarf þekkingu barna og fullorðinna með reglulegum hætti. *Kanna þarf með markvissum hætti upplifun barna og ungmenna af því að hvernig réttindi þeirra eru uppfyllt innan sveitarfélagsins. *Miðla þarf upplýsingum til starfsfólks, barna og annarra íbúa um hvernig bregðast skuli við í tilvikum þar sem brotið er á réttindum barna.	*Áður en ákvarðanir sem hafa áhrif eða geta haft áhrif á hagsmuni barna þarf að leggja sérstakt mat á það hvaða áhrif ákvarðanir hafa á þau. *Leggja þarf Barnasáttmálann til grundvallar við alla ákvarðanatöku sem tengjast þeim beint eða óbeint. *Gera þarf afleiðingargreiningu (e. child impact assessment) við allar stærri ákvarðanir sem afa bein eða óbein áhrif á hagsmuni barna. *Meta þarf útgjöld og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins út frá barnvænum forsendum (e. child friendly budgeting). *Leita þarf meira til barna áður en ákvarðanir sem geta áhrif á líf þeirra eru teknar. *Stuðla þarf að samráði við börn og ungmenni við fjárhagsáætlanagerð. *Stuðla þarf að samráði við börn og ungmenni við ákvarðanatöku í niðurskurði ef um er að ræða þjónustu sem þeim er veitt.	*Endurskoða þarf jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu m.t.t. barna, ungmenna og fjölbreytileika þeirra. *Uppfæra þarf stefnumótandi skjöl, t.d. fjölskyldu-, velferðar og upplýsingastefnu m.t.t. fjölbreytileika og jafnrétti barna. *Leggja þarf mat á aðgerðir sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir mismun. *Leggja þarf áherslu á að haft sé samráð við börn sem tilheyra viðkæmum hópum og leitað sé upplýsinga hjá þeim um hvort aðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri. *Tryggja þarf að börn og starfsfólk fái þjálfun í að koma auga á mismun í daglegu lífi. *Tryggja þarf að börn geti komið á framfæri ábendingum um mismun til sveitarfélagsins. *Skoða þarf hvort barn sem hefur orðið fyrir mismun fái stuðning eða aðstoð við að leita réttar síns. *Tryggja þarf að gögn um stöðu og líðan barna séu nýtt til að stuðla að velferð barna og ungmenna. *Tryggja þarf að niðurstöður gagnasöfnunar sem varða börn séu kynntar fyrir þeim.	*Við stefnumótun og gerð aðgerðaráætlana geta öll svið og nefndir gert betur m.t.t. radda barna og ungmenna. *Tryggja þarf að öll svið og nefndir öðlist færni í að hlusta og taka réttmætt tillit til sjónarmiða barna og ungmenna við ákvarðanatöku. *Tryggja þarf að þátttöku barna við ákvarðanatöku í málum sem snerta þau, t.d. með umsögn ungmennaráðs. *Leita þarf meira til barna og ungmenna varðandi málefni sem snerta þau sérstaklega t.d. þegar verið er að skipuleggja leikvelli, opnunartíma, samgöngur, staðsetningu bygginga og svæða og fleira. *Tryggja þarf að ungmennaráð fái reglubundna fræðslu um stjórnkerfið og hvernig ákvarðanir eru teknar innan þess. *Tryggja þarf að ungmennaráð fái reglubundna fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna. *Stuðla þarf að þátttöku fyrir fjölbreyttan hóp barna.	*Taka þarf aukið mið af skoðunum og gildismati barna. Tryggja þarf að leitað sé til ólíkra aldurshópa. *Stuðla þarf að auknu jákvæðu viðhorfi og virðingu fyrir börnum þegar kemur að verkefnum, samskiptum og starfsháttum sveitarfélagsins. *Stuðla að auknum tækifærum fyrir börn til þátttöku við þróun og mat á þeirri þjónustu sem ætluð er þeim. *Tryggja þarf að umhverfi stofnana sé hlýlegt og aðgengilegt og að tekið sé tillit til þarfa barnanna. *Auðvelda þarf börnum að koma ábendingum og kvörtunum um brot á réttindum sínum á framfæri. *Tryggja þarf að til séu skýrir verkferlar um tilkynningar til barnaverndar innan allra stofnanna sem vinna með eða fyrir börn. *Bæta þarf þjálfun starfsfólks við greina og bregðast við ýmsum vandamálum, t.d. vanrækslu, ofbeldi eða annarri illri meðferð. *Stuðla þarf að þátttöku barna þegar kemur að skipulagningu og mótun opinberra svæða, s.s. leikvelli, göngu- og hjólastíga. *Tryggja þarf jafnan rétt barna til að hafa áhrif á skipulag, byggingu og breytingar á byggingum og svæðum sem eru ætluð þeim. *Kynna þarf hvatagreiðslur betur fyrir börnum.

Spurningalistakannanir UNICEF

Spurningalistakannanir voru lagðar fyrir vorið 2021 annars vegar fyrir starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar og hins vegar fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar.


Spurningalistakönnun meðal starfsmanna

Spurningalistakönnunin fyrir starfsfólk var sett inn á Workplace og voru allir starfsfólk hvattir til að gefa sér tíma til að svara henni. Á stjórnendafundi voru allir stjórnendur hvattir til að svara könnuninni og að vekja athygli sinna starfsmanna á henni. Til viðbótar var sendur tölvupóstur á alla stjórnendur þar sem þeir voru aftur hvattir til þess að senda könnunina áfram á sitt starfsfólk og hvetja þau til að gefa sér tíma til að svara henni. Svarhlutfall könnunarinnar var lágt en einungis 288 starfsfólk Hafnarfjarðar gáfu sér tíma til að svara henni. Meirihluti svarenda starfar innan mennta- og lýðheilsusviðs. Mögulega hefur álag í vinnu og heimsfaraldurinn Covid-19 haft áhrif á svarhlutfall.

Meirihluti þeirra starfsfólks sem tóku þátt eða 97,5% höfðu heyrt talað um Barnasáttmálann. Þá gátu 69% nefnt fjögur réttindi samkvæmt Barnasáttmálanum.


98% svarenda telur að börn eigi alltaf rétt á að tjá sig óháð aldri og þroska (2 einstaklinga segjast ekki vita það) og töldu 98,5% að Barnasáttmállinn gildi um öll börn (3 einstaklingar segjast ekki vita það).

Spurt var hvort barn þurfi að haga sér vel til að fá réttindi sín uppfyllt en 97,56% sagði svo ekki vera. Þá töldu um 87% svarenda ástæðu til að tryggja réttindi barna á Íslandi samkvæmt Barnasáttmálanum enn þá frekar. 40 einstaklingar slepptu þessari spurningu og segjast 27 einstaklingar ekki hvort tryggja eigi réttindi enn frekar.



Mynd 1. Er ástæða til að tryggja réttindi barna á Íslandi samkvæmt Barnasáttmálanum enn þá frekar?


Spurt var hvort starfsmaður hafi fengið fræðslu um réttindi barna. 57% segja svo vera en 33,5% svara neitandi. 9,5% svarenda eru ekki viss.



Mynd 2. Hefur þú fengið fræðslu um réttindi barna?

Þá var spurt hvort Barnasáttmállinn eigi við í því starfi sem starfsmaður gegnir og svara 89% játandi. 78% sögðust spyrja börn áhlits um mál sem þau varða í starfi sínu, 8% sagði svo ekki vera og 14% voru ekki viss.


Starfsfólk var spurt hvort börn hefðu áhrif á mál sem þau varða í starfi þeirra. Stór hluti taldi svo vera en stór hluti eða um 43% taldi sig mega gera betur.



Mynd 3. Hafa börn áhrif á mál sem þau varða í þínu starfi?

Svarendur telja sig t.d. geta gert betur þegar kemur að lestri og kennslu í lífsleikni. 63% svarenda taldi sig hafa nægjanlegt svigrúm í starfi sínu til að leita eftir viðhorfi barna á meðan 18% taldi spurninguna ekki eiga við starf sitt og 18% svaraði neitandi.

Spurt var hvort tilkynningaskylda, samkvæmt barnaverndarlögum um aðila sem vinna með börnum hafi verið kynnt fyrir starfsfólki. 75% svarenda svaraði spurningunni játandi og 25% neitandi. Vert er að taka fram að 117 einstaklingar slepptu því að svara spurningunni og því var svarhlutfall aðeins um 60%.




Mynd 4. Eru skýrar verklagsreglur á þínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndarnefndar?

82,5% starfsmanna segir að skýrar verklagsreglur séu á sínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndar, 5% svara neitandi og 12,5% segjast ekki vita það.

Spurt var hvort starfsmenn hafi fengið markvissa fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og hvernig eigi að bregðast við. Meirihluti svarenda taldi sig hafa fengið fræðslu eða um 60% á meðan um 40% svöruðu neitandi. Þá töldu 91% svarenda sig vita hvernig eigi að bregðast við ef grunur er um að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu á meðan 9% svaraði neitandi.


Starfsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu tilkynnt vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndar:



Mynd 5. Hefur þú tilkynnt til næsta yfirmanns eða til barnaverndar grun um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi?

Þá segja 82,5% starfsmanna að skýrar verklagsreglur séu á sínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndar, 5% svara neitandi og 12,5% segjast ekki vita það.

Spurt var hversu sammála eða ósammála svarendur væru þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmálann inn í allt sitt starf og stefnumótun bæjarins:




Mynd 6. Hversu sammála eða ósammála þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmálann inn í allt starf og stefnumótun bæjarins.

Í stuttu máli sýna niðurstöður spurningalistakönnunar meðal starfsmanna Hafnarfjarðar að meirihluti starfsmanni hafi heyrt talað um Barnasáttmálann og geti tengt réttindi barna við starf sitt. Meirihluti starfsamanna taldi sig þó geta gert betur þegar spurt var hvort börn hefðu áhrif á mál sem þau varða í þeirra starfi. Tækifæri er til aukinnar fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna ásamt verklagi þegar kemur að ofbeldi og vanrækslu.

Spurningalistakönnun meðal barna

Spurningalistakönnun var lögð fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar vorið 2021. Þátttakendur voru 1318 börn og var aldursdreifing eftirfarandi:



Mynd 7. Hvað ert þú gömul/gamall?

Á 77% heimila er eingöngu töluð íslenska, á 17,5% heimila íslenska ásamt öðru tungumáli og á 5,5% heimilda einungis annað tungumál.


Börnin voru spurð hvort þau hefðu heyrt talað um Barnasáttmálann. Meirihluti barna, um 63% svara játandi og þekkja til Barnasáttmálans.



Mynd 8. Hefurðu heyrt talað um Barnasáttmálann?


Börnin voru spurð hvort þau gætu nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum. Minnihluti barna svaraði játandi, eða um 26%. Þá voru börnin spurð hvort öll börn eigi rétt á því að tjá sig og hafa áhrif, alveg sama hvað þau eru gömul og svaraði 85% barna játandi. 3,5% barna svöruðu neitandi og 11,5% voru ekki viss.

Spurt var hvort réttindin í Barnasáttmálanum gildi um barnið sem svarar en í ljós kom að stór hluti barna veit það ekki.




Mynd 9. Gilda réttindi í Barnasáttmálanum um þig?

Börnin voru spurð hvort þau teldu að þau gætu misst réttindin sín ef þau myndu gera eitthvað af sér. Eins og í fyrri spurningunni er hópur þeirra sem veit það ekki stærstur.



Mynd 10. Getur þú misst réttindi þín ef þú gerir eitthvað af þér?

Börnin voru spurð hvort Hafnarfjarðarbær hafi spurt þau um skoðun þegar fjallað er um málefndi tengd börnum og ungmennum. 81% barna svöruðu þessari spurningu neitandi. 30% barna vildi þá að starfsfólk Hafnarfjarðar myndi spyrja þau oftari um þeirra skoðun á meðan 31,5% vildi það ekki og 38,5% voru ekki viss.



Mynd 11. Vilt þú að starfsfólk sveitarfélagsins/bæjarins spyrji þig oftari um þína skoðun?

Börnin voru spurð hvernig Hafnarfjörður geti oftast leitað eftir skoðunum frá börnum og nefndir eru nokkrir möguleikar. Stærsti hópurinn telur að hægt væri að leita eftir skoðunum þeirra með því að bjóða þeim að taka þátt í könnun.

Spurt var hvort starfsmenn skólans sem barnið gengur í hafi spurt það eða bekkjarfélaga hvernig hægt sé að gera skólann betri. 73,5% svöruðu játandi og 26,5% neitandi. Þá taldi meirihluti barna, eða 57% að það fengi tækifæri til að hafa áhrif á það sem er gert í skólanum.

Börnin voru spurð hvort öll börn fengju jöfn tækifæri til að segja sína skoðun í kennslustundum og svaraði 69,5% játandi.




Mynd 12. Fá öll börn jöfn tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum?

Börnin voru spurð hvernig þeim finnst að búa í Hafnarfirði. 74% segja mjög gott eða gott að búa í sveitarfélaginu. Spurt var hvort börnin fengju tækifæri til að hafa áhrif á skipulag íþróttar- og tómstundastarfs í Hafnarfirði. 56% barna svaraði spurningunni játandi á meðan 44% barna svöruðu spurningunni neitandi.

Spurt var hvort börnin teldu fullorðna fólkið í skólanum vita hvernig á að bregðast við ef barni líður illa. 41,5% taldi svo vera, 21,5% svöruðu neitandi og 37% voru ekki viss. Börnin voru þá spurð hvort þeim finnst þau geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim líður ekki vel. Flestir nefna umsjónakennara en 20% barna telja að þau geti hvergi leitað innan skólans ef þeim líður illa.


Þekking barna á ungmennaráði, nemendaráði og skólaráði

Spurt var hvort ungmennaráð Hafnarfjarðar hafi verið kynnt fyrir þeim. 75% segja svo ekki vera á meðan 25% svara játandi. Þá finnst 22% barna þau geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs, 23% eru ekki viss og 56% eru ekki viss.



Mynd 13. Finnst þér þú geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs sveitarfélagsins/bæjarins?

Börnin voru spurð hvort nemendaráð og skólaráð hafi verið kynnt fyrir þeim:



Mynd 14. Hafa nemendaverndarráð og skólaráð verið kynnt fyrir þér?

Þá telja 49,5% barna sig ekki hafa möguleika á því að bjóða sig fram í þessi tilteknu ráð.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að bæta megi kynningar á ungmennaráði, skólaráði og nemendafélögum. Ungmennaráð hefur þegar verið upplýst um niðurstöðurnar ásamt því að skólar hafa verið upplýstir og hvattir til þess að efla kynningar sínar.

Ungmennaping var haldið þann 16. nóvember 2022 fyrir börn í 8.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þingið var upphaflega boðað þann 23. nóvember 2021 en var frestað sökum uppgangs kórónaveirufaraldursins í samfélaginu.

Á þinginu var kallað eftir umræðu og skoðunum á ýmsum málefnum er varða hag barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Skólarnir fengu senda til sín spurningarlista og kynningarefni áður en þingið var haldið og þeir beðnir um að senda tvo fulltrúa úr hverjum bekk.

Ungmennapingið gekk vonum framar og um 110 áhugasöm börn tóku virkan þátt. Fjórir málaflokkar voru til umræðu: skólamál, forvarnir og geðheilbrigði, íþróttir og tómstundir og umhverfis- og skipulagsmál. Starfsmenn tómstundamiðstöðva sinntu hlutverki ritara. Á næsta þingi er stefnt að því börnin geti sjálf komið með hugmyndir að umræðuefni og þema sem að þau vilja að sé til umfjöllunar á þinginu.

Ungmennaráð sinnti hlutverki umræðustjóra og komu með athugasemdir varðandi skipulag þingsins og þeirra spurningar sem lagðar voru fyrir. Áður en ungmennapingið var haldið fékk ungmennaráð kynningu og fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnið barnvænt sveitarfélag.

Að þingi loknu fékk ungmennaráð að vinna úr niðurstöðum þingsins, koma með athugasemdir og lausnir. Stefnt er að því að ungmennaráð haldi alfarið utan um næsta ungmennaping.

Allir grunnskólar Hafnarfjarðar fengu samantekt um hvernig unnið hefði verið úr helstu tillögum af ungmennapinginu og voru niðurstöður kynntar fyrir ungmennaráði, skólastjórnendum, deildastjórum Tómtundamiðstöðva, sviðstjórum, fræðsluráði og íþrótt- og tómstundaráði.

Skólamál	Félagslíf og menning	Forvarnir og geðheilbrigði	Umhverfi
*Auka þarf viðveru hjúkrunarfræðinga og auka aðgengi barna og ungmenna á skólatíma. *Auka þarf aðgengi að námsráðsgjafa innan skólans. *Tíðarvörur séu aðgengilegar á baðherbergjum skólanna og tryggt sé að fyllt sé á þær. *Kennarar auki samskipti sín á milli þegar kemur að prófum til að próf lendi ekki mörg á sama deginum. *Samráð við nemendur um fjölbreyttara námsefni og kennsluaðferðir. *Nemendur fái meira aðstoð við heimavinnu. *Efla þarf öll börn og ungmenni til þátttöku. *Fleiri einstaklingar innan bekkjarins fái að taka virkan þátt við gerð bekkjarreglna. *Kallað sé eftir áliti barna þegar kemur að skólareglum. *Kennarar og starfsfólk skólans gæti þess að öll börn og ungmenni séu jöfn og að ekki sér gert upp á milli nemenda. *Jafnari tækifæri fyrir börn í sérdeildum og með erlendan bakgrunn. *Betri og fjölbreyttari skólamat inn í skólana. *Skólamatur sé gjaldfrjálss. *Kallað eftir kennslu í hagfræði, efnifræði, líffræði, fjármálalæsi og námsefni sem gagnast börnum og ungmennum betur í framtíðinni. *Lengri frímínútur. *Stöðupróf í sundi eða sund sem val. *Tryggja þarf að hugmyndir allra komist á framfæri, t.d. með hugmyndakassa. *Val á milli stafa eða tölukerfa þegar kemur að einkunnagjöf. *Meira um tómstundarval, list- og verkgreinar. *Rútuferð í íþróttahús og lengri tíma til að koma sér á milli staða. *Peir sem æfi íþróttir fái þær metnar í stað íþróttar í skólanum. *Skoða hvort hægt sé að hafa val um fleiri tungumál. *Kynna aðstöðu innan skólans betur. *Smokkar séu aðgengilegir í öllum skólum. *Skóladagar séu styttnir og að skólinn byrji seinna á veturna.	*Setja þarf meira fjármagn inn í félagsmiðstöðvar Hafnarfjarðar. *Kallað eftir meiri skipulagðri dagskrá í félagsmiðstöðvunum. *Kynna þarf frístundastyrk betur. *Endurskoða þarf tímataöflu íþróttar og tómstunda með tilliti til opnun félagsmiðstöðva. *Endurskoða þarf tímataöflu íþróttar og tómstunda með tilliti til kvöldmatartíma fjölskyldunnar. *Hafa eina stóra félagsmiðstöð sem er opin þegar hinar eru lokaðar. *Kallað eftir aukinni kynningu á músík og mótör betur. *Kallað eftir betri kynningu á þeim íþróttum og tómstundum sem eru í boði eru innan bæjarins betur. *Kallað eftir unglingamiðaðri miðbæ. *Kallað eftir unglingamiðaðri dagkrá í Bæjarbíð. *Kallað eftir nýrri reiðhöll í Sörla.	*Bæta þarf fræðslu í skólum. Kallað er eftir aukinni fræðslu t.d. kyn- og kynjafræðslu, eineltisfræðslu, réttindafræðslu, hinsegin fræðslu, fræðsla um rasisma og fordóma, fötlunarfræðslu, umhverfisfræðslu og fræðslu um forvarnir og geðheilbrigði. *Fræða þarf börn og ungmenni um hvert sé hægt að leita sér aðstoðar vegna andlegra veikinda. *Kallað eftir að kyn- og kynjafræðsla byrji strax á yngsta stigi og sé markviss. *Kallað eftir að fræðsla byrji almennt strax á yngsta- eða miðstigi. *Kallað eftir kynningu frá hjálparsíma Rauða Krossins, 1717. *Kallað eftir fræðslu um ADHD og einhverfu. *Auka þarf aðgengi að sálfræðingi fyrir börn og ungmenni, stytta biðtíma. *Auka þarf aðgengi að sálfræðingi og/eða hjúkrunarfræðingi í skólum. *Gripa þarf fyrr inn í eineltismál. *Fræða þarf starfsfólk skólans hvernig það eigi að bregðast við ef barn eða ungmenni beitir ofbeldi og sýnir merki um andleg veikindi. *Kallað eftir styttri biðtíma þegar kemur að aðgengi sálfræðinga.	*Endurskoða þarf leiðarkerfi almenningssvagna í samráði við börn og ungmenni. Núverandi leiðarkerfi þarf að taka betur mið af þörfum barna m.t.t. íþróttar og tómstunda. *Skoða þarf hvort hægt sé að hafa frítt í strætó fyrir börn og ungmenni. *Bæta þarf lýsingar á ýmsum svæðum, t.d. við leikvelli, skólalóðir og íþróttavelli. *Börn vilja vera hluti af ákvörðun þegar kemur að uppsetningu leiktækja í bænum og vera spurð álits. *Betrunnbæta þarf gömul leiktæki í bænum og laga tæki sem geta valdið slysahefðu. *Betrunnbæta þarf skólalóðir í Hafnarfirði. *Passa að leikvelli séu ekki settir við hliðina á umferðargötum. *Það vantar fleiri leiktæki á Viðistaðatún, t.d. rennibraut og hreystivöll. *Stuðla að litríkara umhverfi innan Hafnarfjarðar og skreyta bæinn meira. *Betrunnbæta þarf snjómokstur þegar kemur að göngustígum barna og ungmenna. *Sanda og/eða salta þarf göngustíga barna og ungmenna þegar hált er úti. *Fleiri tiltektardaga. *Meira um gróður á opin svæði, inni í hverfum og við skólalóðir. *Bæta við ruslatunnum og flokkunartunnum vísvegar um bæinn og tryggja að þær séu tæmdar og í réttu hæð fyrir börn. *Endurskoða þarf skipulag í Áslandi. *Bæta þarf aðgengi fatlaðra í Hafnarfirði. *Hafnarfjörður spyrji meira um skoðanir barna sem og fullorðinna um bæinn.

Tafla 2. Samantekt á helstu niðurstöðum Ungmennanings í Hafnarfirði frá nóvember 2022.

Sérfræðihópar barna UNICEF

Eftir að stýrihópur barnvæns sveitafélags var búinn að rýna í gögn frá spurningalistum og niðurstöðum frá ungmennahópi var ákveðið að verkefnið sérfræðihópar barna myndi ná til barna af erlendum uppruna á unglingastigi, barna með einhverskonar stuðningsþarfir á unglingastigi og börn á miðstigi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Verkefnið sérfræðihópar barna var kynnt fyrir skólastjórnendum grunnskóla Hafnarfjarðar og óskað var eftir aðstoð þeirra við öflun þátttakenda. Verkefnið tók lengri tíma en verkefnastjóri lagði upp með en það tók tíma að finna þátttakendur í verkefnið. Öflun þátttakenda fór þannig fram að þátttakendum var afhent kynningarbréf um verkefnið ætlað þeim og kynningar- og samþykkisbréf voru send heim á foreldra/forsjáraðila og það tók einnig talsvert lengri tíma að endurheimta bréfin með undirskriftum frá foreldrum/forsjáraðilum.

Framkvæmd og skipulag var þannig háttað að verkefnahópur sérfræðihópa barna var myndaður og ásamt verkefnisstjóra barnvæns sveitafélags unnu þau saman að spurningalista og útbúnir viðtalsrættir fyrir hittingana þrjá. Til að tryggja jákvæða upplifun og merkingarbæra þátttöku var haldinn upplýsingafundur áður en farið var af stað með hittingana. Lagt var upp úr að hittast á þægilegum stað þar sem þátttakendur gætu setið saman í hring og var boðið upp á drykki, ávexti og snarl. Á upplýsingafundinum byrjaði verkefnastjóri á því að kynna sig og fékk þátttakendur til að kynna sig með nafni og segja hvernig tannburstinn þeirra væri á litinn og öll fengu eintak af barnasáttmálanum. Verkefnastjóri fór svo yfir markmið samtala, hlutverk þeirra sem þátttakendur, hvernig skipulagi á fundunum yrði háttað. Einnig var bent á að allar skoðanir væru jafn mikilvægar og það þyrfti ekki að svara öllum spurningum sem kæmu fram einnig var tilkynnt hvernig niðurstöður samtala yrðu nýttar í verkefninu Barnvænt sveitafélag. Eftir kynninguna á verkefninu var horft á [fræðslumyndbönd frá UNICEF á Íslandi um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#). Að lokum voru börnin/ungmennin spurð hvort þau vildu vita meira um verkefnið eða hefðu einhverjar spurningar og hvort þau hefðu áhuga á að taka þátt í verkefninu. Ef þeim leist vel á þá fengu þau samþykkisblað til undirritunar. Næstu tveir fundir byrjuðu eins og fyrsti hittingur, verkefnastjóri og þátttakendur kynntu sig og farið var í smá ísbrjót í byrjun, farið yfir spurningarnar saman og ígrundun undir lok fundar. Verkefnastjóri fór yfir niðurstöður og kynnti þær fyrir stýrihópnum, ráðum og nefndum og ungmennaráði Hafnarfjarðar þar sem farið var yfir niðurstöður sérfræðihópanna í sameiningu.

Á næstu blaðsíðu má sjá helstu niðurstöður samtala.

Sérfræðihópur 1 Börn á miðstigi	Sérfræðihópur 2 Unglingar með einhvers konar stuðningsþarfir	Sérfræðihópur 3 Börn á miðstigi	Sérfræðihópur 4 Börn af erlendum uppruna	Sérfræðihópur 5 Börn með einhvers konar stuðningsþarfir	Sérfræðihópur 6 Börn af erlendum uppruna
*Þátttakendur upplifa Hafnarfjörð sem skemmtilegan stað, hægt að æfa alls kyns íþróttir og stunda fjölbreyttar tómstundir. * Finnst vanta leiktæki fyrir yngsta stigið. *Eiga öll vini og liður vel í skólanum. *Stærðfræði, kynja- og kynfræðsla skemmtilegustu fögin. *Þeim liður best í frímínútum, heimastofum, kósýhornum í stofunum sínum, matsalnum, bókasafninu og á sparkvellingum. *Eiga öll vini sem þau geta leitað til í skólunum. *Það sem þeim finnst mega bæta er maturinn, hann klárast oft og sumir fá ekki mat og vilja sjálfskömmtnun. *Þau upplifa sig oftast örugg í skólunum, geta alltaf leitað til umsjónarkennara og námsráðgjafa. *Upplifun þeirra er sú að nemendur fá öll að vera eins og þau vilja án þess að vera strítt. * Eftir skóla fara margir heim að spila tölvuleiki í staðinn fyrir að vera með vinum. *Þegar þeim liður illa í skólunum þá leita þau til umsjónarkennara og til vina. *Mæta lítið í félagsmiðstöðina, oft æfingar á sama tíma og hún er opin. *Fá upplýsingar frá foreldrum um þær tómstundir sem hægt er að stunda. *Eiga öll vini í tómstundum sínum. * Flokka bæði í skóla og heima og taka upp rusl á viðavangi. * Vilja fjölga ruslatunnum í hverfinu. * Vilja bæta lýsingu t.d. við Álfaskeið við Kaplakrika og bæta lýsingu almennt og laga ljósastaurana. *Þeim liður vel í strætó en nokkur hafa þó neikvæða upplifun.	*Upplifa Hafnarfjörð ekki sem unglingavænan stað, vantar viðburði fyrir unglinga á sumrin. *Þeim finnst vanta betri lýsingu og sum staðar vantar ljósastaura. *Vantar unglingavænar búðir og finnst vanta sjoppu/búð í miðbæinn. *Þau telja að skólinn sé með flott félagslíf. *Íþróttir, textílmennnt og kynfræðsla skemmtilegustu fögin. *Kom hugmynd upp að hafa bóklega íþróttatíma einu sinni í viku og verklegan á móti, vilja fækka hlaupaprófum. *Eiga öll vini og liður vel í skólanum. *Það sem þau vilja bæta í skólanum er að þau vilja fleiri hópverkefni. *Upplifa sig örugg í skólanum en telja að nemendur geti ekki verið þau sjálf í skólanum og upplifa stríðni. *Ef þeim liður illa í skólunum þá láta þau foreldra vita, einnig vini, umsjónarkennara og aðra kennara sem þau treysta. *Um helgar finnst þeim skemmtilegast að fara á æfingar, spila tölvuleiki, hitta vini, gott að hafa tilgang. * Eru ekki dugleg að nýta sér félagsmiðstöðina en mæta á böll. *Fá upplýsingar hvaða tómstundir séu í boði í gegnum foreldra sína. *Væru til í að það væri í boði að læra myndlist yfir veturinn. *Eiga öll vini í sínum tómstundum. * Þátttakendur töluðu öll um að þau hugsi um umhverfið með því t.d. að flokka, versla í loppumörkuðum, fara með fót í Rauða krossinn. *Þeim finnst ekki vera aðgengi fyrir öll og nefna Thorsplan þar sem brekkur séu of brattar fyrir fólk sem þarf að nýta sér hjólastóla. *Taka öll strætó af og til, finnst appið ekki gott og finnst viðmótið neikvætt.	*Það besta við Hafnarfjörð er að eiga góða vini og hægt að ganga um bæinn. Skólahreystisvæðið frábært. *Hvaleyrarvatn er uppáhaldsstaður þátttakenda en það mætti bæta grillaðstöðuna þar. *Þeim finnst vanta bíó, gældýrabúðir, ísbúð og fleiri kaffihús í miðbæinn. *Finnst vanta ruslatunnur og sérstaklega á skólalóðinni þeirra. * Þegar þau hugsa um skólann sinn þá töluðu þau um hlýleika og að þeim liði vel í skólunum. . *Þeim liður best í skólanum þegar þau eru með vinum sínum, íþróttasalnum, frímínútum og í textílstofunni. *Eiga öll vini í skólunum. *Upplifa sig nokkurn veginn örugg í skólunum, en ekki alltaf. *Þau vora samstiga um að ekki öll geta verið eins og þau eru og upplifa stríðni. * Upplifa að margir fari heim að spila tölvuleiki í staðinn fyrir að leika eftir skóla en eru dugleg að hittast um helgar. *Þegar þeim liður illa í skólanum þá töluðu þau um þau láti umsjónarkennara sína vita. *Mætti vera meira úrval af bókum á skólabókasafninu en töluðu vel um Bókasafn Hafnarfjarðar. *Mæta lítið í félagsmiðstöðina. *Vilja hafa skemmtilegri dagskrá í boði í félagsmiðstöðinni, fleiri keppnir. *Eftir skóla fara þau á æfingar á öllum virkum dögum bæði í íþróttum og tónlistarskóla og leika við vini. *Fá upplýsingar frá vinum og foreldrum um hvaða tómstundir eru í boði. *Væru til í að æfa tennis og skauta í Hafnarfirði ef það væri í boði. *Eiga öll vini í tómstundum sínum. *Flokka bæði heima og í skólanum. * Þeim finnst ekki vera aðgengi fyrir öll og mætti bæta klósettaðstöðu í sumum félagsmiðstöðvum. *Kalla eftir betri mokstri á göngustígum, mikil hálka og erfitt að ganga. *Vantar að bæta lýsingu við Kaplakrika (Álfaskeiðið). *Taka öll strætó og upplifa neikvætt viðmót.	*Hafnarfjörður er góður og skemmtilegur bær. *Finnst skólinn þeirra frábær og vera besti skólinn. *Það sem þeim finnst skemmtilegast við skólann eru kennararnir. * Þeim liður almennt vel í skólanum. *Eiga öll vini í skólanum. *Upplifa að öll geti verið örugg í skólanum *Ef þeim liður illa í skólanum þá geta þau leitað til námsráðgjafa, vina og umsjónarkennara. *Vinir, skólafélagar og kennarar vita öll um upprunandið þeirra en það er ekki mikið rætt. * Nokkrir þátttakendur geta talað sitt eigið tungumál í skólanum, einn þátttakandi talaði um að hann vilji bara tala íslensku í skólanum. *Það getur verið stressandi að byrja í nýju umhverfi. *Skemmtilegast eftir skóla er að fara á æfingar, vera með vinum og spila tölvuleiki. *Nýta sér ekki félagsmiðstöðina, einn þátttakandi nýtir félagsmiðstöðina sína mjög vel og finnst gott að leita til starfsfólksins þar og spjalla. * Helmingur hópsins hefur farið á böll í skólanum. *Finnst gaman þegar það eru haldnir bekkjarhittingar eftir skóla og uppbrot í skólanum þegar þau fá umbun með kennara. *Eftir skóla fara þau á æfingar, lesa bækur eða leggja sig. * Þau fá upplýsingar um tómstundir í gegnum vini sína. *Þau sem eru ekki að stunda íþróttir hafa ekki áhuga en höfðu prufað ýmsar íþróttir. *Flokka öll bæði í skólanum og heima hjá sér og fara með flöskur í endurvinnslu. *Finnst skólasvæðið og köftuboltavöllurinn skemmtilegasta leiksvæðið í Hafnarfirði. *Vilja betri mokstur á göngustígum. *Hafa öll tekið strætó og liður vel í strætó en finnst Klapp- appið oft vera með vesen.	*Þátttakendur vilja minnka bílaumferð í gengum hverfið sitt. *Það sem þeim finnst skemmtilegast við skólann er smíði og lotur. *Þeim liður best í stofunum hjá umsjónarkennurum. *Eiga öll vini í skólanum. * Það sem þau vildu bæta við skólann sinn er að það séu fleiri verkefni og færri próf. *Upplifa sig öll örugg í skólanum. *Finnst að öll geta verið eins og þau eru án þess að vera strítt. *Þegar þeim liður illa í skólanum þá geta þau leitað til kennara í námsverinu. *Um helgar finnst þeim gaman að hitta vini og vera í tölvuleikjum. *Nýta sér ekki félagsmiðstöðina en mæta á böllin í skólanum, myndu vilja árgangaskipta kvöldum af og til. * Í frítímanum eru sum að vinna og önnur að stunda íþróttir og fara í ræktina. *Það sem þeim finnst skemmtilegast við tómstundina sína er að þau langar að vera góð í íþróttinni og ná árangri í ræktinni. *Þau sem eru ekki að stunda neinar tómstundir eru annað hvort að hitta vini eða vinna. *Hugsu öll um umhverfið á einhvern hátt líkt og að flokka heima hjá sér en ekki í skólanum. *Skemmtilegasta leiksvæðið í Hafnarfirði er Viðistaðatún. *Þátttakendur tala um að það þyrfti að sanda eða salta gangstéttir betur á veturna. *Upplifa öll að það sé aðgengi fyrir öll t.d. tvær lyftur í skólanum. *Nýta öll strætó, finnst vera dýrt í strætó.	*Finnst Hafnarfjörður venjulegur bær. *Þegar þau hugsa um skólann sinn hugsa þau um góða vini. *Liður best í heimstofum og þegar allur bekkurinn er saman. *Eiga öll vini í skólanum. *Upplifa sig öll örugg í skólanum. * Telja að nemendur geti ekki verið þau sjálf og upplifa stríðni. *Finnst gaman að hitta skólafélaga eftir skóla. *Þegar þeim liður illa í skólanum geta þau leitað til vina. * Upplifa að bæði skólafélagar og kennarar viti margt um upprunandið þeirra. *Eftir skóla finnst þeim skemmtilegast að hitta vini og vera í notalegheitum heima. *Nýta sér ekki félagsmiðstöðina sína. Eru oft á æfingum á sama tíma og félagsmiðstöðin er opin. * Finnst vanta tækifæri til að láta vita hvað þau vilja gera. *Mæta á böllin í skólanum. *Í frítíma fara þau á æfingar og eru að vinna. *Fundu sjálf upplýsingar um þær tómstundir sem eru í boði. *Eiga öll vini í tómstundunum sínum og það skemmtilegasta eru þjálfararnir og vinirnir. *Ef það er einhver tómstund sem væru til í að hafa í boði í Hafnarfirði þá væri það að geta lært myndlist. *Geta öll talað móðurmálið sitt í skólanum og kjósa að tala frekar íslensku. Tala stundum á ensku. *Hugsu öll um umhverfið meðal annars með því að flokka í skóla og heima. *Finnst skólalóðin sín og körfuboltavöllurinn skemmtilegasta leiksvæðið í Hafnarfirði. *Ef það mætti bæta umhverfið í Hafnarfirði þá myndu þau vilja að láta skafa betur gangstéttirnar. *Nýta sér öll strætó og myndu vilja að það væri fritt í vagninn til 18 ára aldurs.

Tafla 3. Helstu niðurstöður úr sérfræðihópum barna

Aðgerðaáætlun Hafnarfjarðarbæjar (haust 2023 - haust 2025)

Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Hafnarfjarðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2023-2025. Ungmennaráð komu með tillögur og ábendingar og hafa haft tækifæri á að aðlaga og bæta aðgerðirnar.

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats innan bæjarins og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan þess tímaramma aðgerðinni er ætlað. Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerð tengist sérstaklega. Einnig er tilgreint þau heimsmarkmið sem eiga við um aðgerðina. Þá er tekið fram hvaða grunnþættir Barnvæns sveitarfélags eiga við um hverja aðgerð



Grunnþættir barnvænna sveitafélaga

Þar sem að það hafa verið alls kyns áskoranir að koma stöðumatinu til skila hafa ýmsar aðgerðir verið settar af stað út frá niðurstöðum ungmennapings og frá spurningalistum og eru hluti af þessari aðgerðaáætlun.

Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig inn í alla stjórnsýsluna enda er þetta ekki átaksverkefni heldur langtímaverkefni.

Aðgerðirnar eru 19 talsins og stefnt er að því að aðgerðum verði lokið eða komið vel á stað í endann maí 2025. Áherslur í aðgerðunum eru:

- Réttindafræðsla fyrir börn, starfsfólk og íbúa Hafnarfjarðar.
- Þátttaka barna.
- Auka sýnileika þess að börn geti komið ábendingum sínum á framfæri.
- Valdefla tómstundamiðstöðvar, nemendafélög og Ungmennaráð.
- Umhverfismál og skipulagsmál.

1. Fræðsla - Tryggja réttindafræðslu fyrir börn og ungmenni

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd:

Gerð verði fræðsluáætlun fyrir leik- og grunnskóla sem er tengd innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í sveitarfélagið. Gætt verði sérstaklega að því að börn séu upplýst um réttindi sín og að réttindafræðsla verði markviss fyrir bæði Ungmennaráð og nemendafélög. Aðlaga þarf fræðslu og ferla á þann veg að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði fastur liður í starfi Hafnarfjarðar fyrir börn.

Tillaga kom frá fulltrúum ungmennaráðs um að halda réttindaviku árlega og að það sé sett upp ákveðin fræðsla inn á hvert skólastig. Skoða þarf hvort réttindafræðsla geti orðið hluti af menntastefnu Hafnarfjarðar og/eða skólanámskrá.

Markmið: Að öll börn í leik- og grunnskólum fái grunnfræðslu og öðlist þekkingu á réttindum sínum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Tenging við stöðumat: Tengist leiðbeinandi spurningalista, spurningalistakönnun sem var lögð fyrir starfsmenn Hafnarfjarðar, spurningalistakönnun sem var lögð fyrir börn í 5.-10. bekk og niðurstöðum ungmennabings.

Mæling: Að fræðsluáætlun sé innleidd með markvissum hætti og verði tilbúin á vorönn 2025

Fjárförf: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags í samvinnu við stjórnendur í leik- og grunnskólum bæjarins.

Tímarammi: Byrjað verði á fræðsluáætluninni í nóvember 2024 og lokið í maí 2025.

2. Fræðsla- Tryggja réttindafræðslu fyrir starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Aðlaga þarf fræðslu og ferla á þann veg að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði fastur liður í starfi Hafnarfjarðar fyrir allt starfsfólk Hafnarfjarðar. Kjörnir fulltrúar og bæjarstjóri fái fræðslu að minnsta kosti í upphafi hvers kjörtímabils. Aðgerðin er að festa reglulega fræðslu í sessi þannig að nýtt fólk fái fræðslu og aðrir upprifjun. Setja inn í grunnfræðslu fyrir nýliða. Samstarf verður við UNICEF um að fá fræðslupakkann frá þeim inn á Avia sem er nýr fræðsluvefur Hafnarfjarðarbæjar. Tryggt verður að starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmönnum fái fræðslu um barnasáttmálann og þátttöku barna og passað verði upp á fræðslan verði kerfisbundin og samfelld en ekki ákveðið átak.

Starfsfólk Hafnarfjarðar hefur fengið fræðslu í innleiðingunni og barnasáttmálann í ferlinu að fá viðurkenningu að verða Barnvænt sveitafélag en mikilvægt er að ná fræðslunni inn á vettvang sem auðvelt er fyrir starfsfólk að nálgast og betri tölfræðilega yfirsýn yfir hverjir hafa fengið fræðslu.

Markmið: Að starfsfólk tengi barnasáttmálann við sitt starf og samskipti og áhrif við börn í sínum störfum og að fræðsla um Barnasáttmálann verði hluti af nýliðakynningu nýs starfsfólks í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar á hverju hausti, frá og með haustinu 2025.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Tengist leiðbeinandi spurningalista, spurningalistakönnun sem var lögð fyrir starfsfólkHafnarfjarðar,

Mæling: Að fræðsluáætlun sé innleidd með markvissum hætti og verði tilbúin á vorönn 2025. Hliðsjón verður höfð af kröfum UNICEF um þátttökuhlutfall. Með því að fá aðgang að Avia þá er hægt að mæla hversu mörg % starfsfólk hafa tekið fræðslu.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og sviðstjórar allra sviða innan Hafnarfjarðar

Tímarammi: Frá og með október 2024 verði byrjað að vinna að rafrænni fræðsluáætlun í samstarfi við mannauðsdeild og komin af vel af stað í lok apríl 2025. Skoðaðar verða tölur í júní/júlí og sett í lokaskýrslu barnvæns sveitafélags.

3. Kynning um innleiðingu á barnvænu sveitafélagi fyrir íbúa Hafnarfjarðar

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd:

Vitundarvakning fyrir íbúa Hafnarfjarðar um verkefnið Barnvænt sveitafélag, hvað felst í því að vera Barnvænt sveitafélag. Að íbúar bæjarins fái upplýsingar um verkefnið og hvað felst í því inn á heimasíðu Hafnarfjarðabæjar og reglulega séu fréttir um verkefnið inn á samskiptamiðlum Hafnarfjarðarbæjar.

Markmið: Að innleiðingin sé sýnileg íbúum Hafnarfjarðar. Með því að fræða íbúa bæjarins um innleiðinguna þá geta íbúar tekið meira þátt í innleiðingunni eins og með því að vera til leiðsagnar fyrir fjölskyldu og geta hjálpað til með að fræða og leiðbeina börnum um réttindi sín. Með því að gera verkefnið sýnilegt fyrir íbúum þá getur Hafnarfjörður tryggt að borin sé virðing fyrir réttindum í umhverfi barna.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Tenging við stöðumat: Úr samantekt úr leiðbeinandi spurningalista frá stýrihópi barnvæns sveitafélags kom fram að unnið verði að því að auka þekkingu íbúa Hafnarfjarðar á réttindum barna.

Mæling: Uppfærsla á heimasíðu Hafnarfjarðar um sýnileika verkefnisins.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og þjónustu- og þróunarsvið

Tímarammi: Að byrjað verði haustið 2024 að vera sýnilegri með innleiðinguna á miðlum bæjarins og að uppfærsla á heimasíðu verði tilbúin á vormánuðum 2025.

4. Kyn- og kynjafræðsla í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Hafnarfjarðarbær samdi við Kristínu Blöndal Ragnarsdóttur kennslufulltrúa mannréttinda um að stýra innleiðingu á kynjafræði og kynfræðslu í öllum grunnskólum bæjarins frá og með hausti 2023.

Markmið: Að Kynjafræði og kynfræðsla verði kennd fyrir alla árganga í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Á ungmenningi var kallað eftir kyn- og kynjafræðslu og aðgerðin er einnig liður í því að mæta óskum ungmenningaráðs Hafnarfjarðar sem kallað hafa eftir aukinni fræðslu í takti við tíðarandann og tryggja fræðslu til allra árganga grunnskóla um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.

Mæling: Verkefni er hafið og verður áframhaldandi vinna áfram með Kristínu Blöndal Ragnarsdóttur með því að efla sýnileika verkefnisins. Möguleiki á að nýta ungmenningaráð sem gæðastjórnendur á innleiðingunni á kyn- og kynjafræðslunni..

Fjármagn 2.250.000 kr

Ábyrgðaraðili: Íþrótta- og tómstundafulltrúi og Þróunarfulltrúi grunnskólanna

Tímarammi: Hófst haustið 2023 og verður langtímaverkefni

5. Leiðarvísir vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Útbúinn verði leiðarvísir vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar. Í leiðarvísinum verður fræðsla um ofbeldi gegn börnum og vanrækslu og einnig um verklag þegar kemur að tilkynningarskyldu til barnaverndar. Útbúin kynningaráætlun um verklagið og leiðarvísir kynntur fyrir starfsfólki. Einnig yrði útbúin fræðsluáætlun t.d. að leiðarvísirinn yrði hluti af nýliðafræðslu fyrir allt nýtt starfsfólk.

Markmið: Að starfsfólk geti leitað að upplýsingum í leiðarvísi ef grunur er um ofbeldi og vanrækslu og fengið greinargóðar upplýsingar og sé aðgengilegur fyrir starfsfólk.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Í leiðbeinandi spurningalistana kom fram að auka megí sérstaka þjálfun hjá starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar í að greina og bregðast við ýmsum áskorunum eins og t.d. vanrækslu, ofbeldi eða annarri slæmri meðferð barna.

Í spurningalistakönnun starfsmanna var spurt hvort starfsmenn hafi fengið markvissa fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og hvernig eigi að bregðast við. Meirihluti svarenda taldi sig hafa fengið fræðslu eða um 60% á meðan um 40% svöruðu neitandi. Þá töldu 91% svarenda sig vita hvernig eigi að bregðast við ef grunur er um að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu á meðan 9% svaraði neitandi.

Mæling: Leiðarvísir liggi fyrir vorið 2025 og kynntur samkvæmt kynningaráætlun.

Fjármagn: 400.000 kr

Ábyrgðaraðili: Yfirsálfræðingur á fjölskyldu- og barnamálasviði

Tímarammi: Að leiðarvísir verði tilbúinn og kynntur á vormánuðum 2025.

6. Barnasáttmálinn verði hluti stefnumótandi skjölum Hafnarfjarðar

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er hluti af heildarstefnu Hafnarfjarðar en uppfæra þarf og gera greinar sáttmálans sýnilegri.

Farið verði yfir stefnumótandi skjöl bæjarins og áherslur skoðaðar og vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem við á og að áætlanir bæjarins taki betur mið af börnum, réttindum þeirra og fjölbreytileika og að Barnasáttmálinn verði sýnilegri.

Verkefnahópur vinnur að endurskoðun þar sem tengdar verða grunngreinar Barnasáttmálans við meginmarkmiðin þannig að heimsmarkmiðin og barnasáttmálinn móti stefnumarkandi áherslur.

Markmið: Að barnasáttmálinn verði sýnilegri og stefnur og áætlanir Hafnarfjarðar taki betur mið af börnum og réttindum þeirra.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Niðurstöður leiðbeinandi spurningalistanna gáfu til kynna að bæta þyrfti stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins þar sem ekki var vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mæling: Byrjað verði á uppfæra heildarstefnuna og í lokaskýrslu mun koma fram hvaða skjöl hafa verið yfirfarin og áætlun sett af stað hvaða skjöl eigi eftir að fara yfir.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðilar: Sviðstjóri stjórnsýslusviðs, sviðstjóri þjónustu og þróunarsviðs og verkefnastjóri barnvæns sveitafélags.

Tímarammi: Yfirferð hefst í janúar 2025 til júní 2025.

7. Barnahnappur

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Stofnaður var verkefnahópur vorið 2023 sem vann saman að því að innleiða inn barnahnapp inn á spjaldtölvur fyrir nemendur grunnskóla Hafnarfjarðar. Byggir fyrirmyndin á barnahnappinum í Hafnarfirði á tilkynningarhnappinum hjá Kópavogi.

Í byrjun árs 2024 var sérstakur hnappur settur upp á spjaldtölvur nemenda í 5.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar. Táknið eða hnappurinn opnar aðgang að síðu þar sem börn og ungmenni geta lýst líðan sinni, áhyggjum eða aðstæðum og óskað eftir aðstoð frá námsráðgjafa skólans. Þegar óskað er eftir aðstoð í gegnum táknið hefur námsráðgjafi samband við þann sem sendir skilaboðin og fær nánari upplýsingar ásamt því að upplýsa foreldra um hjálparbeiðnina sé talin ástæða til. Úrvinnsla fer síðan að verkferlum skólans þar sem velferð barnsins er höfð að leiðarljósi og ábendingum komið áfram áleiðis til stjórnsýslunnar.

Markmið: Að tryggja að það sé hlustað sé á börn og þau hafi rétt á því að tjá sig um málefni sem hefur áhrif á líf þeirra samkvæmt 12. grein barnasáttmálans.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Í leiðbeinandi spurningalistana kom fram að leita þyrfti meira til barna og að betur mætti miðla upplýsingum til barna og annarra íbúa um hvernig skuli bregðast við þar sem brotið er á réttindum barna. Einnig kom fram í niðurstöðum spurningalista að 20% barna sem svöruðu könnuninni telja að þau geti hvergi leitað innan skólans ef þeim líður illa.

Á ungmennanægingi kom fram að þau vildu aukinn aðgang að námsráðgjöfum skólanna og grípi þurfi fyrir inn í eineltismál. Hnappurinn fellur vel að verklagi Brúarinnar og farsældarlaganna.

Mæling: Gerð voru kynningarmyndbönd og barnahnappurinn kynntur fyrir börnum í 5.-10. bekk í janúar 2024 þar sem fulltrúar í nemendafélögum kynntu fyrir samnemendum hnappinn ásamt námsráðgjöfum. Hnappurinn verður svo kynntur á hverju hausti og/ eða á vorin. Unnið verði úr öllum málum sem koma upp annað hvort innanhús eða tilkynnt áfram til barnaverndar.

Fjármagn: 250.000 kr

Ábyrgðaraðili: Íþrótt- og tómstundafulltrúi og verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags.

Tímarammi: Barnahnaður fór af stað í endann janúar 2024 og verður áframhaldandi vinna áfram með hann í samstarfi við námsráðgjafa skólanna og verður langtímaverkefni.

8. Tómstundavefur kynningarátak fyrir jaðarhópa

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Farið verður af stað að kynna tómstundavefinn á vefsíðu Hafnarfjarðar, [Íþróttir og tómstundir](#), með þeim hætti að hann nái til jaðarhópa og til sem flestra barna, ungmenna, foreldra og forsjáraðila. Útbúin verði plaköt með QR kóða sem verða hengd upp í skólum, tómstundamiðstöðvum, íþróttamiðstöðvum, sundlaugum og þau verði dreifð á helstu samfélagsmiðlum bæjarins. Skoðað verði að útbúa lítinn bækling sem skólar gætu sent heim með börnum.

Markmið: Að reyna að nálgast jaðarhópa sem eru ólíklegri til að taka þátt í því sem er í boði t.d. vegna tungumáls og skoða hvernig hægt er að koma til þeirra upplýsingum. Hafa allar upplýsingar um hvað er í boði fyrir börn og ungmenni aðgengileg og vel kynntar.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Tenging við stöðumat: Kom fram í gátlistunum um barnvæna nálgun. Kom einnig fram á ungmennapingi þar sem kallað var eftir betri kynningu á þeim íþróttum og tómstundum sem eru í boði eru innan bæjarins og í viðtölum við sérfræðihópa barna.

Mæling: Að útbúin verði plaköt með upplýsingum um tómstundavefinn og þau verði sýnileg börnum, ungmennum og foreldrum og forsjáraðilum. Mælt verður umferð inn á vefinn. Skoðað verði að útbúa lítinn bækling sem skólar gætu sent heim með börnum.

Fjármagn 250 þúsund í hönnun plakats og prentun.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags, þjónustu- og þróunarsvið í samvinnu við fulltrúa á fjölskyldu- og barnamálasviði og á mennta- og lýðheilsusviði

Tímarammi: Að byrjað verði að huga að verkefninu haustið 2024 og plakötin sýnileg í upphafi árs 2025.

9. Barnvænt hagsmunamat

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Að íþrótta- og tómstundanefnd verði fyrsta nefndin innan stjórnsýslunnar að fá kynningu um barnvænt hagsmunamat og hvernig hægt er að nýta sér það í starfi. Fulltrúar nefndarinnar fái greinargóða kynningu á barnvænu hagsmunamati.

Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags mun skoða tillögur hvernig sveitafélagið gæti unnið að því að innleiða inn barnvænt hagsmunamat. Skoðað verður einnig að innleiða barnvænt hagsmunamat inn á öll svið Hafnarfjarðar í næsta hring innleiðingar Barnvæns sveitafélags.

Markmið: Með þessari aðgerð er verið að bæta og tryggja markviss tækifæri barna til þess að hafa áhrif á þróun á þjónustu sem er ætluð þeim og til þess að veita endurgjöf á þjónustu sem er ætluð þeim í skóla- og frístundastarfi. Að Hafnarfjörður sem sveitarfélag ígrundi frekar áhrif sinna ákvarðana á börn og taki betri ákvarðanir sem byggja á því sem er börnum fyrir bestu.

Í framtíðinni er markmið að barnvænt hagsmunamat verði innleitt í ráð og nefndir innan Hafnarfjarðar og að börnin geti í framhaldi einnig haft áhrif á velferðar- og félagsþjónustu og samgöngu- og skipulagsmál.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Úr niðurstöðum gátlista kom fram að leita þarf meira til barna áður en ákvarðanir sem geta haft áhrif á líf þeirra eru teknar.

Mæling: Tillögur hjá verkefnastjóra skoðaðar með hvernig Hafnarfjarðabær geti innleitt inn barnvænt hagsmunamat í starfsemi ráða- og nefnda í næsta hring innleiðingar Barnvæns sveitafélags.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og íþrótta- og tómstundafulltrúi

Tímarammi: Að byrjað verði að kynna barnvænt hagsmunamat í íþrótta og tómstundanefnd í desember 2024. Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags verði einnig búinn að kynna barnvæna

hagsmunamatið fyrir sviðstjórum, inn í ráðum og nefndum bæjarins og fyrir bæjarstjórn í lok maí byrjun júní 2025.

10. Samráð við ungmennaráð við fjárhagsáætlanir er varðar málefni barna

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Að samráð sé haft við ungmennaráð við yfirferð fjárhagsáætlunar og einnig ef um niðurskurð sé að ræða er varðar málefni barna og ungmenna.

Stuðla þarf að samráði við börn og ungmenni er varðar málefni barna í fjárhagsáætlanagerð einnig þarf að stuðla að samráði við börn og ungmenni við ákvarðanatöku í niðurskurði ef um er að ræða þjónustu sem þeim er veitt.

Markmið: Að börn fái tækifæri til þess að hafa áhrif á þau málefni í fjárhagsáætlun sem hafa áhrif á börn, sérstaklega þegar kemur að niðurskurði á þjónustu við börn og ungmenni.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Niðurstöður við gátlistunum fimm þáð sem barninu er fyrir bestu, sýna fram á að það þurfi frekari samráð við börn og ungmenni við ákvörðunartöku ef um er að ræða niðurskurð við þjónustu sem þeim er veitt og að að meta þurfi útgjöld og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins út frá barnvænum forsendum.

Mæling: Að ungmennaráð hafi fengið kynningu á fjárhagsáætlun og tækifæri til þátttöku og umræður hvað hana varðar.

Fjármag: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags ásamt sviðstjórum allra sviða

Tímarammi: Desember 2024 – febrúar 2025

11. Barnvæn síða á heimasíðu Hafnarfjarðar – upplýsingar fyrir börn og ungmenni

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Að það verði aukið aðgengi barna og ungmenna að efni um innleiðingu Barnasáttmálans á heimasíðu Hafnarfjarðar og útbúinn yrði barnvæn síða á heimasíðu Hafnarfjarðar. Á síðunni yrði hægt að koma ábendingum áfram um hvernig bærinn geti orðið barnvænni og hugmyndum safnað saman. Bætt upplýsingagjöf til barna almennt um það hvert þau geta leitað aðstoðar hjá stofnunum og sviðum sveitarfélagsins.

Samkvæmt farsældarlögum eiga öll börn rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda svo sem í gegnum tengilið farsældar sem sitja í öllum leik- grunn og framhaldsskólum Hafnarfjarðar. Það getur verið flókið fyrir börn og ungmenni að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni og væri þessi vefur tækifæri fyrir börn og ungmenni að fá upplýsingar um hvar þau geti leitað eftir aðstoð og komið með ábendingar um hvernig Hafnarfjörður geti orðið barnvænni staður til að búa á.

Að hliðarvefurinn yrði t.d. upphafssíða í spjaldtölvum barna og ungmenna sem þau hafa afnot af í grunnskólunum.

Markmið: Allar upplýsingar verði safnað saman um úrræði fyrir börn um hvert þau geti leitað og sett inn á vefinn. Útbúið verður ákveðið ferli þar sem ábendingum barna sé safnað saman á markvissan hátt og komið áfram til viðeigandi aðila og ákveðið hvernig á að vinna úr. Vefurinn myndi mögulega koma með tillögur að skemmtun fyrir börn, fréttir fyrir börn o.þ.h.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Kemur fram í gátlista í barnvænni nálgun, einnig í spurningalistakönnun barna, úr niðurstöðum frá ungmenningum og í sérfræðihópum barna.

Mæling: Kynna þarf vefsíðuna fyrir börnum og ungmennum og útbúin verði kynningaráætlun. Ungmennaráð Hafnarfjarðar myndi taka þátt í kynningum á síðunni og fulltrúar ráðsins í grunnskólum kynni síðuna fyrir samnemendum í sínum skólum með hjálp umsjónamönnum ungmenningaráðs.

Fjármagn: 500.000 kr

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og þjónustu - og þróunarsvið

Tímarammi: Að vefurinn sé tilbúinn og kynntur í lok apríl 2025

12. Þátttaka barna - Skólaþing í grunnskólum Hafnarfjarðar

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Þörf er á að tryggja og kynna vel þátttökuleiðir þannig að börn geti haft meiri áhrif. Með því að halda skóla- eða lýðræðisþing í grunnskólum gefst börnum tækifæri á að láta raddir sínar heyrast og haft áhrif á skólasamfélagið.

Stofnaður yrði verkefnahópur þar sem þau vinna að kynningarefni um hvernig halda eigi skólaþing. Útskýra hvað lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð séu. Stofnaðir verði lýðræðisnefndir þar sem nemendur fara yfir niðurstöður og rýna í sameiningu á jafningjagrundvelli með starfsfólki þar sem farið verður yfir í sameiningu hvað sé raunhæft og óraunhæft. Niðurstöður yrðu svo teknar saman í skólunum og kynntar nemendum.

Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags myndi svo óska eftir að fá gögn og halda utan um upplýsingar frá börnunum til að gera skólana og sveitafélagið barnvænna.

Einnig kom upp hugmynd frá meðlimum í stýrihópi að vera með skólaþing í leikskólum og byrja á elstu nemendum í að minnsta kosti þremur leikskólum.

Markmið: Tryggja þátttöku barna og þau geti haft áhrif með því að nýta sínar raddir og þau finni að það sé hlustað á þau. Mikilvægasti punkturinn er að þau sem eru þátttakendur í þingunum fái að heyra og sjá allar niðurstöður.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Tenging við stöðumat: Kom fram í spurningalistakönnun barna, börnin voru spurð hvort Hafnarfjarðarbær hafi spurt þau um skoðun þegar fjallað er um málefni tengd börnum og ungmennum. 81% barna svöruðu þessari spurningu neitandi einnig töldu þau ekki geta haft mikil áhrif á skólastarfið.

Mæling: Samstarf verði með stjórnendum grunn- og leikskóla og fá þau með í lið að halda skólaþing. Hægt verði að byrja smátt. Með því að halda skóla- eða lýðræðisþing í grunnskólum gefst börnum tækifæri á að láta raddir sínar heyrast og þau haft áhrif á skólasamfélagið. Niðurstöður teknar saman og komið áfram á viðeigandi svið innan bæjarins.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags, þróunarfulltrúi grunnskóla og þróunarfulltrúi leikskóla

Tímarammi: Pakki útbúinn á haustmánuðum og kynntur fyrir leik- og grunnskólum í mars/apríl 2025.

13. Samstarf við RannUng - Innleiðing barnasáttmálans í leik- og grunnskóla og frístundaheimili

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar og RannUng (Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands) skrifuðu undir samstarfssamning varðandi innleiðingu barnvæns sveitarfélags árin 2023-2026. Áhersla er á starfshætti leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimila Hafnarfjarðarbæjar.

Markmið samstarfsins er að innleiða ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á markvissan hátt í starf leikskóla, yngsta stig grunnskóla og í frístundaheimili í Hafnarfirði með því að skapa vettvang til samtals og ígrundar og koma þannig á lærdómssamfélagi jafningja. Í verkefninu er gengið út frá því að börn séu sérfræðingar í eigin lífi, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt.

Tilgangur verkefnisins er að auka þekkingu starfsfólks, forsjáraðila og/eða foreldra og barna á réttindum barna og auka þátttöku barna í daglegu skóla- og frístundastarfi. Ávinningur fyrir börnin er að starfshættir í skólum og frístundaheimilum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.

- Hlutverk skóla og frístundaheimila er að fræðast um Barnasáttmálann, kortleggja stöðuna í skólunum og frístund, vinna að tilgreindri þróun á starfsháttum í anda Barnasáttmálans og sem lið í innleiðingu Heildarstefnu Hafnarfjarðar 2035 og Menntastefnu Hafnarfjarðar og meta hvernig til tókst.
- Hlutverk RannUng er að greina stöðuna hjá þátttakendum í upphafi verkefnisins, standa að fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um starfshætti sem styðja við réttindi barna og virka þátttöku og fylgjast með innleiðingakerfinu með heimsóknum, skráningum, viðtölum og endurgjöf. Jafnframt að skrifa lokaskýrslu og ritrýnda grein/greinar í fræðirit um ferlið að því loknu.
- Ávinningur fyrir börnin er að starfshættir í skólum og frístundarheimili taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi og aukin þekking fullorðinna á réttindum barna.

Markmið: Markmið verkefnisins er að þátttakendur miðli sinni þekkingu áfram til starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilanna, einskonar jafningjafræðsla. Einnig að Hafnarfjarðarbær skoði að gera samning við UNICEF um að leikskólar bæjarins sækji um réttindaskólaverkefnið þeirra.

Tenging við Barnasáttmálann og grunnþátt barnvæns sveitarfélags.



Tenging við stöðumat: Í gátlista kom fram að réttindafræðsla verði aðgengileg fyrir alla, börn sem fullorðna og niðurstöður spurningalistakönnunar meðal starfsmanna Hafnarfjarðar sýndi að meirihluti starfsmanna hafi heyrt talað um Barnasáttmálann og geti tengt réttindi barna við starf sitt. Meirihluti starfsmanna taldi sig þó geta gert betur þegar spurt var hvort börn hefðu áhrif á mál sem þau varða í þeirra starfi.

Mæling: Hlutverk Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar er að fylgjast með innleiðingunni með það fyrir augum að fleiri leik- og grunnskólar og frístundaheimili Hafnarfjarðarbæjar geti nýtt sér þá reynslu sem skapast í innleiðingarferlinu og lært af þróunarverkefninu.

Fjármagn: 4.878.600 kr

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnsvæns sveitafélags, Íþrótt- og tómstundafulltrúi og þróunarfúlltrúi leikskóla.

Tímarammi: Hófst í maí 2023 – lýkur í janúar 2025 en áframhaldandi vinna verður í jafningjafræðslu innan skólana og frístundaheimilanna. RannUng heldur áfram með verkefnið og gerir lokaskýrslu og ritrýnda fræðigrein árið 2026.

14. Bæta lýsingu og snjómokstur á göngustígum í skólahverfum

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Samkvæmt ungmennapingi og niðurstöðum úr viðtölum við sérfræðihópa barna komu sterkar raddir frá ungmennum að það þyrfti að forgangsraða snjómokstri á gönguleiðum á leið í skóla og einnig að skoða lýsingu í skólahverfum.

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar hefur samþykkt að forgangsraða snjómokstri á gönguleiðum í skólahverfum og skoðað verður að bæta lýsingu á gönguleiðum í skólahverfum.

Markmið: Að verklag við snjómokstur og lýsingu sé forgangsraðað á gönguleiðum fyrir börn og ungmenni sem eru á leið í skóla- og frístundastarf.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Mæling: Búið er að samþykkja að forgangsraða snjómokstri. Útbúin yrði könnun fyrir fulltrúa ungmennaráðs og/eða könnun send áfram á nemendafélög skólanna þar sem þau svara spurningum um hvort þau hafi upplifað breytta forgangs röðun um snjómokstur á gönguleiðum og lýsingu í skólahverfum og niðurstöður kynntar.

Fjármagn Vinnuframlag starfsfólks

Tenging við stöðumat: Kom fram bæði á ungmennapingi og í samtölum við sérfræðihópa barna að bæta mætti lýsingu og snjómokstur á gönguleiðum í skólahverfum.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags og forstöðumaður framkvæmda og rekstradeildar.

Tímarammi: Vor 2024 fram á vor 2025.

15. Auka sýnileika Ungmennaráðs - Raddir ungmenna - ungmennapíng

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Aðgerðin er þríþætt - að virkja betur og nýta ungmennaráð og auka sýnleika ráðsins og að raddir ungmenna verði haldið á lofti með því að halda ungmennapíng.

1. Að fundnar séu leiðir til þess að virkja betur og nýta betur ungmennaráð sveitarfélagsins. Mikilvægt er að öll svið og nefndir séu meðvituð um að þegar fjallað er um mál eða ákvarðanir teknar sem hafa áhrif á börn, að þá eiga þau að senda mál til ungmennaráðs til umfjöllunar. Þá þarf að tryggja ungmennaráðinu nægilega góðar upplýsingar um efnið.
2. Fá fulltrúa í ungmennaráði að útbúa kynningarmyndband um starfsemi ráðsins og hvað það felst í því að starfa í ungmennaráði. Myndbandið yrði sýnt á samfélagsmiðlum Hafnarfjarðar og yrði sett á barnavæna hliðarvefinn sem er einnig aðgerð hér að ofan og yrði nýtt sem kynningarefni fyrir skóla á hverju hausti.
3. Ungmennapíng verði haldið á tveggja ára fresti. Ungmennaráð fengi að undirbúa og taka virkan þátt í skipuleggja ungmennapíng í samstarfi við umsjónarmenn Ungmennaráðs og fagstjóra frístunda og forvarna. Næsta píng yrði haldið haustið 2025 fyrir nemendur í 8.-10.bekk. Fulltrúar ungmennaráðs byrja undirbúningsvinnu fyrir þingið á vorönn 2025.

Markmið: Átak til sviða og nefnda með að senda mál til ungmennaráðs. Auka sýnleika Ungmennaráðs og að raddir barna hljómi hátt á ungmennapíngum.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.



Mæling: Að ungmennaráð fái fleiri mál send til þeirra frá sviðum Hafnarfjarðar. Auka sýnileika ráðsins með því útbúa myndband um starfsemi ungmennaráða. Undirbúningsvinna og skipulagning hefst með ungmennaráði á vorönn 2025 fyrir ungmennaping haustið 2025.

Fjármagn: 400.000 kr á tveggja ára fresti vegna rútuferða nemenda, veitingar og leiga á sal fyrir ungmennaping og vinnuframlag starfsfólks.

Tenging við stöðumat: Kom fram í gátlistum að ungmennaráð Hafnarfjarðar eigi að fá mál til sín í yfirferð sem tengjast þeim. Samkvæmt spurningalistakönnunum þá þarf að kynna bæði ungmennum og starfsfólki betur um starfsemi ungmennaráðs.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og umsjónamenn ungmennaráðs.

Tímarammi: Vinna að auka sýnileika ungmennaráðs hefst í nóvember 2024 í samstarfi með ungmennaráði Hafnarfjarðar og undirbúningur fyrir ungmennaping 2025 hefst snemma á vormánuðum 2025.

16. Efla nemendafélög í tómstundamiðstöðvum

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Að börn og ungmenni fá kynningu á nemendafélögum, ungmennaráði og skólaráði á hverju skólaári. Fulltrúar nemendafélaga og umsjónamenn nemendafélaga fái kynningu réttindafræðslu á nemendafélagsfræðslu á hverju hausti. Að börn og ungmenni geti haft áhrif á dagskrá og klúbbastarf tómstundamiðstöðva. Hugmyndakassar séu sýnilegir í félagsmiðstöðvunum og einnig í frístundaheimilum.

Markmið: Að öll börn og ungmenni fái kynningu á starfsemi nemendafélaga, ungmennaráða og skólaráði á hverju ári. Börn geti haft áhrif á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar með því að hafa hugmyndakassa sýnilega í tómstundamiðstöðvum.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Tenging við stöðumat: Í gátlista kom fram að réttindafræðsla þurfi að vera markviss fyrir nemendafélög og niðurstöður frá spurningalistum barna gáfu til kynna að bæta megi kynningar á ungmennaráði, skólaráði og nemendafélögum.

Mæling: Sameiginleg fræðsla verði haldin fyrir nemendafélög skólanna. Fá fulltrúa til að taka þátt í stuttri könnun eftir fræðsluna. Hugmyndakassar sýnilegir og auglýstir fyrir börnum og ungmennum.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks.

Ábyrgðaraðili: Fagstjóri frístunda- og forvarnastarfs og verkefnastjóri barnvæns sveitafélags

Tímarammi: Réttindafræðsla verði haldin í október 2024 fyrir fulltrúa sem starfa í nemendafélagi og haldin í framhaldi á hverju ári. Haft samráð við deildastjóra og verkefnastjóra

Tómstundamiðstöðva að innleiða inn hugmyndakassa í starfsemi þeirra haustið 2024.

Kynningarpakki um skólaráð, nemendafélög og ungmennráð kynntur ungmennum í apríl 2025.

17. Leitað sé til barna þegar hanna á nýja leikvelli.

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd

Fá börn og ungmenni með í lið þegar hanna á nýja leikvelli, eða breytingar eru fyrirhugaðar á skólalóð. Hugmyndir frá stýrihóp hafa komið upp að halda t.d. listasamkeppni á meðal barna og ungmenna. Verkefnahópur verður skipaður á haustmánuðum 2024 þar sem hugað verði að þátttökuleiðum hvernig hægt sé að fá fram skoðanir og hugmyndir barna að leikvöllum við hæfi allra, að það sé aðgengi fyrir öll. Að börn fái vettvang og tækifæri til að láta rödd sína heyrast því börnin eru notendur þessara svæða.

Markmið: Að verkefnahópur komi með tillögur að útfærslu á verkefninu á vormánuðum 2025.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Tenging við stöðumat: Samkvæmt gátlista kom fram að stuðla þurfi að þátttöku barna þegar kemur að skipulagningu og mótun opinberra svæða, s.s. leikvelli, göngu- og hjólastíga.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Mæling: Að það sé sýnt fram á að útfærsla sé hafin og niðurstöður verkefnahóps kynntar.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags ásamt skipulags- og umhverfissviði

Tímarammi: Stofnaður yrði verkefnahópur haustið 2024 og skoðað verði útfærslur á verkefninu og niðurstöður kynntar á vormánuðum 2025.

18. Opni leikskólinn - Memmm Play

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd: Að bjóða foreldrum og forsjáraðilum fjölskylduvæna aðstöðu til að hitta önnur börn og aðra foreldra, til að leika saman og búa til félagsleg tengsl. Þarna geta foreldrar átt gæðastundir með börnum sínum í fallegu umhverfi. Opni leikskólinn er rekinn í samstarfi við Hafnarfjarðabæ og gjaldfrjáls fyrir alla sem þá sækja.

Markmið: Tækifæri fyrir börn sem ekki hafa tök á að sækja leikskóla að hitta jafnaldra sína á þessum mótandi aldri og að foreldrar hitti aðra foreldra og myndi tengsl og geti notið samveru með öðrum foreldrum sem eru meðal annars í fæðingarorlofi.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Fjármagn: 2.000.000 kr

Mæling: Felst í að ná sem til flestra og hversu margir eru að mæta hverju sinni.

Ábyrgðaraðili: Þróunarfulltrúi leikskóla

Tímarammi: Hófst haustið 2024 fram á vor 2025 og skoðað verði frekari útfærslur í framhaldinu.

19. Réttindafræðsla á bókasafni Hafnarfjarðar

Lýsing á aðgerð og fyrirhugaðri framkvæmd:

Markmið: Almenn réttindafræðsla á Bókasafni Hafnarfjarðar fyrir börn, ungmenni og foreldra og forsjáraðila. Útbúið yrði sérstakt réttindahorn þar sem bækur eru sýnilegar sem hægt er að nýta og nota í réttindafræðslu. Bækurnar yrðu merktar með viðeigandi greinum barnasáttmálans og plakat verður sýnilegt sem felur í sér réttindafræðslu fyrir börn og ungmenni.

Tenging við Barnasáttmálann, grunnþátt barnvæns sveitarfélags og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



2: Öll börn eru jöfn. Aðgengi er fyrir hreyfihamlaða, viðmót starfsfólks er gott, úrval námskeiða og vinnustofa, tillit til og fögnuður mismunandi menningarheima og tungumála. Allar veigar, allt efni og almennt séð þátttaka á viðburðum og námskeiðum er gjaldfrjálst. Að auki má nefna flökkubókastöð sem bókasafnið heldur úti í úthverfi bæjarins til að koma efni nær börnum sem ekki búa í færi við safnið. Bókasafnið vill varðveita gott samband milli allra skólastiga, leik- og grunn, frístundar, félagsmiðstöðvar og einnig við ungmennahús.

12: Virðing fyrir skoðunum barna. Endurspeglast í safnfræðslu, samskiptum starfsfólks við börn og/eða umönnunaraðila þeirra, úrvali safnkosts og viðburða auk þess sem lagt er upp með að hafa í sífellu gagnvirkni í dagskrá safnsins, leitast er eftir endurgjöf barna og ávallt opið fyrir að eiga samtál við þau.

17: Aðgengi að upplýsingum. Börn og ungmenni eiga rétt á að sækja sér upplýsingar í tímaritum bókum og öðrum miðlum og því mikilvægt að hafa réttindahorn sýnilegt börnum. Safnfræðsla bókasafnsins fyrir unglingastig og framhaldsskóla kynnir mikilvægi þess að sporna gegn ritskoðun og auka aðgengi að upplýsingum.

31: Hvíld leikur, menning og listir. Í ljósi þess að Bókasafn Hafnarfjarðar er menningarlegur samfélagsvettvangur býðst börnum og ungmennum að prófa og kynnast ýmis konar listformum, tækni og öðrum fræðum til viðbótar við ríkulegan safnkost árið um kring.

42: *Allir verða að þekkja réttindi barna.* Með því að hafa réttindin sýnileg og bjóða upp á safnkost beintengdan áherslum Barnasáttmálans vinnur bókasafnið að því að gera almenning meðvitaðri um réttindi barna.

Fjármagn: Vinnuframlag starfsfólks

Mæling: Felst í því búið sé að setja upp réttindahorn og það sé vel sýnilegt. Verkefnið yrði kynnt vel á samfélagsmiðlum bæjarins og á síðu bókasafns Hafnarfjarðar.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri á bókasafni, barna og ungmennastarf og verkefnastjóri barnvæns sveitafélags.

Tímarammi: Vinna hefst í desember 2024 og verður sýnilegt á vormánuðum 2025.

Samantekt

Þar sem ferlið að innleiðingunni hefur verið langt og lærdómsríkt og ýmsar áskoranir hafa komið upp þá var farið af stað með ýmsar aðgerðir áður en aðgerðaáætlun fór í loftið. Farið var að greina gátlista og spurningalistakannanir og mögulegar aðgerðir fundnar þegar ekki var hægt að halda ungmennapeing vegna heimsfaraldurs. Unnið var að aðgerðum og komið í framkvæmd þegar stöðumat og sérfræðihópaviðtöl voru ennþá í vinnslu. Byrjað var að innleiða kyn- og kynjafræðslu á árinu 2023 og er sú vinna ennþá í mótun og spennandi tímar framundan þar. RannUNG verkefnið fór af stað í maí 2023 og Barnahnappurinn var einnig settur af stað á haustmánuðum 2023 og fór í loftið í janúar 2024.

Stýrihópur hefur komist að niðurstöðu um að allar aðgerðir séu jafn mikilvægar en vill leggja áherslu á réttindafræðslu fyrir börn og ungmenni og starfsfólk bæjarins, auka sýnileika ungmennaráðs, að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði hluti af stefnumótandi skjölum bæjarins þar sem við á og að lagt sé kapp á að innleiða barnvænt hagsmunamat seinna meir í nefndir og ráð bæjarins. Aðgerðir eru allar hafnar eða að hefjast um áramót 2025. Stýrihópur stefnir að viðurkenningu í endan ágúst byrjun september 2025 og mun skila lokaskýrslu til UNICEF í byrjun ágúst 2025.

Fyrir hönd stýrihóps barnsvæns sveitafélags

Þórunn Þórarinsdóttir verkefnastjóri barnvæns sveitafélags



Fylgiskjöl

Nr	Aðgerð í aðgerðaáætlun Barnvænt Sveitafélag	Kostnaður innleiðingar	Árlegur rekstrarkostnaður	Ábyrgðaraðili	Athugasemd
1.	Fræðsla - Tryggja réttindafraeðslu fyrir börn og ungmenni			Verkefnastjóri barnvæns Sveitafélags ásamt leik- og grunnskólastjórum	
2.	Fræðsla – Tryggja réttindafraeðslu fyrir starfsfólk			Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og mannauðstjórnar	
3.	Kynning um innleiðingu á barnvænu sveitafélagi fyrir íbúa Hafnarfjarðar			Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og þróunar- og þjónustusvið	
4.	Kyn- og kynjafræðsla í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar	2.250.000	5.000.000	Íþrótt- og tómstundafulltrúi og Þróunarfulltrúi Grunnskóla	Búið er að samþykkja greiðslur
5.	Leiðarvísir vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu	400.000		Yfirsálfræðingur á fjölskyldu- og barnamálasviði.	
6.	Barnasáttmáli verði hluti af stefnumótandi skjölum Hafnarfjarðar.			Sviðstjóri stjórnsýslusviðs og sviðstjóri þjónustu og þróunarsviðs.	
7.	Barnahnaппur	250.000		Íþrótt- og tómstundafulltrúi og verkefnastjóri barnvæns sveitafélags.	Búið er að samþykkja greiðslur
8.	Tómstundavefur kynningarátak fyrir jaðarhópa	250.000		Fagstjóri fristunda og forvarna og þjónustu og þróunarsvið	
9.	Barnvænt hagsmunamat			Íþrótt- og tómstundafulltrúi og verkefnastjóri barnvæns sveitafélags	
10.	Samráð við ungmennaráð við fjárhagsáætlunir er varðar málefni barna			Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags ásamt sviðstjórum allra sviða	
11.	Barnvæn siða á heimasíðu Hafnarfjarðar - upplýsingar fyrir börn og ungmenni	500.000		Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og þjónustu og þróunarsvið	
12.	Þátttaka barna – skólabing í grunnskólum Hafnarfjarðar			Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags, þróunarfulltrúar í leik- og grunnskóla	
13.	Samstarf við RannUNG – Innleiðing barnasáttmálans í leik- og grunnskóla og fristundaheimilum	4.000.000		Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags	Búið er að samþykkja greiðslur
14.	Bæta lýsingu og snjómokstur á göngustígum í skólahverfum.			Forstöðumaður framkvæmda og rekstradeildar.	
15.	Auka sýnileika ungmennaráðs – raddir ungmenna - ungmennaping	400.000	400.000 á tveggja ára fresti	Verkefnastjóri barnvæns sveitafélags og umsjónamenn ungmennaráðs	
16.	Efla nemendafélög í tómstundamiðstöðvum			Fagstjóri fristunda- og forvarnastarfs og verkefnastjóri barnvæns sveitafélags	
17.	Fá börn og ungmenni með í lið þegar hanna á nýja leikvelli			Skipulags og umhverfissvið	
18.	Opni leikskólinn - Memmm Play	2.000.000		Þróunarfulltrúi leikskóla	Búið er að samþykkja greiðslur
19.	Réttindafraeðsla á bókasafni Hafnarfjarðar			Deildastjóri barna og ungmenna á bókasafni Hafnarfjarðar	
Samtals		10.050.000			

Svona höfum við áhrif í Barnvænum sveitarfélögum



unicef
fyrir öll börn

Aðgerðir



Stuðningur UNICEF á Íslandi við sveitarfélög

Afurðir



Áhrif á störf sveitarfélaga

Áhrif



Áhrif Barnvænna sveitarfélaga á líf barna

1. Aukin þekking á réttindum barna

Fræðsluefni um réttindi barna	Fræðsluefni um barnaréttindafræðslu	UNICEF Akademían
Vinnustofur og fundir fyrir umsjónarmenn og stjórnendur		

2. Aukin þátttaka barna

Fræðsla um réttindamiðaða þátttöku barna	Stuðningur við þátttöku ungmennaráðs sveitarfélags	Stuðningur við þátttöku barna í sveitarfélagi
Stuðningur við þátttöku viðkvæma hópa barna		

3. Betri greining á stöðu réttinda barna

Könnun á þekkingu á réttindum barna	Könnun á tækifærum barna til þátttöku
Leiðir til að meta áhrif ákvarðana á börn	

4. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Stuðningur við gerð aðgerðaáætlunar	Úttekt á starfi sveitarfélags og viðurkenning
-------------------------------------	---

5. Aukið samstarf

Stuðningur við gerð fræðsluáætlunar	Stuðningur við starf stýrihóps
-------------------------------------	--------------------------------

Starfsfólk skilur réttindi barna og hefur þau til hlidsjónar í störfum sínum

Börn þekkja réttindi sín og annarra barna

Sveitarfélagið formfestir réttindamiðaða þátttöku barna

Starfsfólk er meðvitað um áhrif starfa sinna á börn

Starfsfólk gripur til aðgerða til að koma í veg fyrir mismun

Sveitarfélagið forgangsraðar, fjármagnar og framkvæmir aðgerðir í þágu réttinda barna

Sveitarfélagið styður opinberlega við réttindi barna

Barnasáttmálinn er lagður til grundvallar í allri ákvarðanatöku varðandi börn

Börn og fullorðin þekkja réttindi barna

42.grein: Öll verða að þekkja réttindi barna



Börn hafa áhrif á sveitarfélagið

12.grein: Þátttaka barna



Öll börn njóta jafna tækifæra

2.grein: Öll börn eru jöfn



Börn upplifa að hagsmunir þeirra séu í forgangi

3.grein: Það sem er barninu fyrir bestu



Börn búa í barnvænu umhverfi

6.grein: Öll börn eiga rétt á því að lifa og þrífast



Verkefnið hefur áhrif á réttindi og farsæld barna og tekur til allra sviða og stofnana sveitarfélagsins.